



## FJÖLMIÐLANEFND

28. maí 2020

**Ákvörðun nr. 1/2020**

### **Brot Ríkisútvarpsins ohf. á c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um vernd barna gegn skaðlegu efni í myndefni eftir pöntun**

#### **I. Kvörtun og málsatvik**

##### **1. Kvörtun**

Þann 2. febrúar 2020 barst fjölmiðlanefnd kvörtun í tölvupósti f.h. Símans hf. (hér eftir Síminn) frá framkvæmdastjóra sölusviðs fyrirtækisins. Fram kom í kvörtuninni að kvartandi teldi Ríkisútvarpið ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) hafa brotið gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um vernd barna gegn skaðlegu hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun með því að hafa gert norsku þáttaröðina Exit, sem er bönnuð börnum yngri en 16 ára, aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstýringu efnisins.

Í kvörtuninni kom fram að um einstaklega gróft efni væri að ræða sem væri bannað börnum yngri en 16 ára. Engar aðgangsstýringar væru til staðar í spilara RÚV til verndar börnum og ungmennum og því „[lægi efnið] einfaldlega þarna með Krakkafréttum og Stundinni okkar“. Að lokum var óskað eftir „[inngripi] fjölmiðlanefndar og hvatt til hámarkssekta“. Með kvörtuninni fylgdi einnig hlekkur á fyrsta þátt þáttaraðarinnar Exit í spilara RÚV þar sem aðrir þættir hennar eru einnig aðgengilegir.

Í tölvupósti f.h. Símans til fjölmiðlanefndar dags. 3. febrúar sl. vakti kvartandi athygli á því í framhaldi af kvörtun sinni hvernig Ríkisútvarpið kynnti þættina Exit. Í viðhengi fylgdi skjáskot af Facebook síðu RÚV þar sem umfjöllun um þættina sem birtist á ruv.is er deilt.<sup>1</sup> Í umfjölluninni

---

<sup>1</sup> Umfjöllunina á ruv.is má finna hér: [https://www.ruv.is/frett/holskefla-kvartana-vegna-exit-til-norska-utvarpsradsins\\_skoada\\_26\\_mars](https://www.ruv.is/frett/holskefla-kvartana-vegna-exit-til-norska-utvarpsradsins_skoada_26_mars).



## FJÖLMÍÐLANEFND

kemur fram að holskefla kvartana hafi borist NRK í Noregi vegna þáttaraðarinnar og væri Ríkisútvarpið því að mati kvartanda „meira en [meðvitað] um hversu grófir og hrottalegir þættirnir eru en lætur sér í léttu rúmi liggja að þeir séu aðgengilegir í opnum spilara þvert á reglur“.

### 2. Málsvik

Norska þáttaröðin Exit er aðgengileg í heild sinni í spilara RÚV á vefnum ruv.is og í smáforritum RÚV. Um er að ræða átta þætti sem eru hver um sig um 31 til 37 mínútur að lengd. Lýsing í spilara RÚV fyrir þættina er eftirfarandi:

Norsk þáttaröð um fjóra vini sem allir eru auðugir, fagna velgengni í starfi og eiga fjölskyldur. Þeim leiðist þó og leita útgönguleiða úr daglegu lífi sínu, meðal annars með ofbeldi, eiturlyfjum og kynlífi. Þættirnir eru byggðir á sönnum frásögnum úr norskum fjármálaheimi. Aðalhlutverk: Simon J. Berger, Agnes Kittelsen, Pål Sverre Hagen, Tobias Santelmann og Jon Øigarden. Þættirnir eru alls ekki við hæfi barna.<sup>2</sup>

Fyrir neðan þessa lýsingu kemur fram undir hverjum og einum þætti hvenær hann var fyrst birtur og aðgengilegur í spilara RÚV og hvenær því tímabili lýkur. Undir fyrsta til fjórða þætti kemur fram að þeir hafi verið birtir í spilara RÚV 6. janúar 2020 og verði aðgengilegir til 18. júní 2021. Undir þáttum fimm og sex kemur fram að þeir hafi verið birtir 7. janúar 2020 og verði aðgengilegir til 9. febrúar 2021 og undir þáttum sjö og átta kemur fram að þeir hafi verið birtir 7. janúar 2020 og verði aðgengilegir til 26. september 2020.<sup>3</sup> Fyrir neðan þessar upplýsingar kemur merki með tölunni 16 í hvítum lit á rauðum bakgrunni og aðvörun um að þættirnir séu „ekki við hæfi yngri en 16 ára“. Rautt, sjónrænt merki er einnig til staðar uppi í hægra horni hvers þáttar sem gefur til kynna að efnið sé ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.

Stuttu eftir að kvörtun vegna þáttaraðarinnar Exit barst fjölmiðlanefnd 2. febrúar sl. útfærði Ríkisútvarpið aðvörun í spilara RÚV sem birtist fyrir myndefni sem er bannað börnum yngri en 12 eða 16 ára. Nú birtist gluggi yfir myndefni sem er bannað börnum yngri en 12 eða 16 ára þar sem kemur fram að þetta dagskráefni sé ekki við hæfi barna. Notandinn fær valmöguleika um að fara á forsíðu spilara RÚV eða staðfesta að hann sé „12 ára eða eldri“ eða „16 ára eða eldri“, eftir því hvaða myndefni er valið. Með því að staðfesta aldur hverfur glugginn og hægt er að spila

<sup>2</sup> <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/utras/29231/8moivh>, skoðað 12. mars 2020.

<sup>3</sup> <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/utras/29231/8moivh>, skoðað 25. maí 2020.



## FJÖLMIÐLANEFND

myndefnið.<sup>4</sup> Eins og áður segir var þessi aðvörðun ekki til staðar í spilara RÚV þegar umrædd kvörtun barst fjölmiðlanefnd.

### II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

#### 1.

Með tölvupósti dags. 3. febrúar sl. óskuðu starfsmenn fjölmiðlanefndar, sbr. 2. mgr. 3. gr. málsmeðferðarreglna fjölmiðlanefndar<sup>5</sup>, eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna kvörtunar Símans, dags. 2. febrúar sl, á ætluðu broti Ríkisútvarpsins á c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun með því að hafa gert þáttaröðina Exit, sem er bönnuð börnum yngri en 16 ára, aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstýringu.

Í erindi fjölmiðlanefndar var vísað til fyrri samskipta nefndarinnar við Ríkisútvarpið varðandi vernd barna gegn skaðlegu efni í myndefni eftir pöntun en fjölmiðlanefnd sendi fyrst fyrirspurn á Ríkisútvarpið þann 22. maí 2019. Erindi þess bréfs var að fylgja eftir þeim ákvæðum laga um fjölmiðla sem gilda um vernd barna er varða myndmiðlun eftir pöntun. Var bent á skyldu c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla um að einungis sé heimilt að miðla efni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að efninu. Einnig var bent á leiðbeiningar fjölmiðlanefndar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni sem gefnar voru út í júní 2015.<sup>6</sup> Hafði m.a. Ríkisútvarpið fengið leiðbeiningarnar til umsagnar áður en þær voru gefnar út. Í erindinu óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um það hvernig vernd barna gegn skaðlegu efni væri tryggð í myndmiðlun eftir pöntun hjá Ríkisútvarpinu. Var óskað eftir upplýsingum um spilara RÚV sem er aðgengilegur í gegnum netvafra, sem og ráðstafanir vegna RÚV smáforritsins (e. app). Voru sams konar fyrirspurnir sendar Símanum og Sýn hf. Í framhaldi af fyrirspurn fjölmiðlanefndar bárust svör Ríkisútvarpsins og í kjölfarið áttu sér stað nokkur samskipti þar á milli þar sem fjölmiðlanefnd benti m.a. á að Ríkisútvarpið hefði ekki gripið til nægilegra ráðstafana til verndar börnum gegn skaðlegu efni í myndefni eftir pöntun þar sem ekki væru til staðar aðgangsstýringar í spilara RÚV

<sup>4</sup> <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/utras/29231/8moivh>, skoðað 12. mars 2020.

<sup>5</sup> Málsmeðferðarreglur fjölmiðlanefndar eru aðgengilegar á vefsíðu fjölmiðlanefndar, sjá [https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/04/FMN\\_m%C3%A1lsme%C3%B0fer%C3%B0arreglur.pdf](https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/04/FMN_m%C3%A1lsme%C3%B0fer%C3%B0arreglur.pdf).

<sup>6</sup> Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu fjölmiðlanefndar, sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>.



## FJÖLMIÐLANEFND

á vefnum ruv.is eða smáforritum RÚV. Ríkisútvarpið upplýsti fjölmiðlanefnd um að von væri á uppfærslu fyrir spilara RÚV og smáforrit RÚV þar sem aðgangsstýringar yrðu útfærðar. Í nóvember 2019 var síðan upplýst að vinnu yrði lokið í desember 2019 við uppfærslur fyrir smáforrit RÚV og voru aðgangsstýringar með PIN númeri aðgengilegar fyrir Android og Apple iOS stýrikerfin ásamt Apple TV í lok þess árs. Ríkisútvarpið upplýsti fjölmiðlanefnd um að fljótlega þar á eftir færi vinna af stað við uppfærslu spilara RÚV og útfærslu aðgangsstýringar fyrir hann en óráðlegt væri að gefa nákvæma tímasetningu á því hvenær þeirri vinnu yrðu lokið þar sem óvænt atvik gætu komið upp. Einnig yrði Ríkisútvarpið að fá tíma til að prófa hugbúnaðarlausnir áður en þær væru settar í loftið. Spilari RÚV væri mikilvæg þjónusta og tryggja þyrfti að notendur hans yrðu ekki fyrir óhagræði þegar ný viðbót færi í loftið. Ríkisútvarpið gerði sér grein fyrir þeim kröfum og skyldum sem á það féllu og myndi því ljúka verkinu á fullnægjandi hátt eins fljótt og hægt væri.

Í ljósi þessara fyrri samskipta við Ríkisútvarpið óskaði fjölmiðlanefnd jafnframt eftir í erindi sínu til Ríkisútvarpsins 3. febrúar sl. upplýsingum um stöðu þeirra úrbóta sem Ríkisútvarpið hafði tilgreint að von væri á í erindi til nefndarinnar í nóvember 2019 varðandi aðgangsstýringar fyrir m.a. spilara RÚV. Þess var óskað að svör Ríkisútvarpsins bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 18. febrúar sl.

Áður en svarfrestur rann út óskaði Ríkisútvarpið eftir fundi með starfsmönnum fjölmiðlanefndar þann 12. febrúar sl. Tilgangur fundarins var að upplýsa fjölmiðlanefnd um stöðu mála varðandi vinnu við útfærslu á aðgangsstýringu fyrir spilara RÚV. Á fundinum var farið ítarlega yfir þær lausnir sem Ríkisútvarpið hyggðist nýta til að útfæra aðgangsstýringu fyrir spilara RÚV og hugsanleg flækjustig. Fram kom á fundinum að væntanleg uppfærsla fyrir spilara RÚV yrði ekki tilbúin fyrir en eftir 4 til 8 vikur. Sá tímarammi væri háður því að ekki kæmu upp ófyrirsjáanleg tæknileg vandamál og að prófanir myndu ganga vel. Starfsmenn Ríkisútvarpsins vilji vanda vel til verka og gæta þess sérstaklega að farið væri að lögum um persónuvernd við útfærsluna þar sem vinnsla persónuupplýsinga ætti sér stað. Í millitíðinni hefði Ríkisútvarpið útfært bráðabirgðalausn sem nú þegar væri virk. Sú lausn fælist í því að nú birtist gluggi yfir myndefni sem er bannað börnum yngri en 12 eða 16 ára þar sem kemur fram að þetta dagskrárefni sé ekki við hæfi barna. Notandinn er beðinn um staðfesta að hann sé „12 ára eða eldri“ eða „16 ára eða eldri“ til að fá aðgang að efni. Starfsmenn Ríkisútvarpsins tóku fram að slík lausn væri að sjálfsögðu ekki nægjanleg til að teljast viðeigandi aðgangsstýring enda börnum í lófa lagið að smella á og staðfesta að þau séu t.d. 16 ára eða eldri þrátt fyrir að vera yngri. Þessi bráðabirgðarlausn væri þó að mati Ríkisútvarpsins fýsilegri leið en að taka út eða loka alveg fyrir allt efni sem teldist skaðlegt börnum. Nú væri til staðar aðvörun sem gæfi betur til kynna en áður að efni sé ekki við hæfi barna.



## FJÖLMIÐLANEFND

Um leið og uppfærsla með aðgangsstýringu fyrir spilara RÚV yrði tilbúin myndi sú lausn taka við. Í framhaldi af fundinum myndu starfsmenn Ríkisútvarpsins halda starfsmönnum fjölmiðlanefndar upplýstum um gang mála og hvort vinnu við uppfærslu fyrir spilara RÚV yrði lokið innan þess tímaramma sem gefinn var.

### 2.

Með tölvupósti dags. 21. febrúar sl. bárust svör Ríkisútvarpsins við erindi fjölmiðlanefndar dags. 3. febrúar sl. Hafði fjölmiðlanefnd áður veitt Ríkisútvarpinu framlengdan frest til svara. Í erindinu kom fram að Ríkisútvarpið bæri ekki brögður á að umrædd tilhögun, þ.e. hvernig aðgengi að þáttaröðinni Exit væri háttað, væri „óheppileg“ m.t.t. tilvísaðra laga í erindi fjölmiðlanefndar þann 3. febrúar sl. Unnið væri að gerð aðgangsstýringar og sú vinna væri nokkuð tímafrek og flókin. Viss vandkvæði hafi komið upp en að mati Ríkisútvarpsins ætti aðgangsstýringin „að geta að forfallalausum legið fyrir í kringum páska“. Innleiddar hafi verið aðgangsstýringar með PIN númeri í smáforrit RÚV fyrir Android og Apple iOS ásamt Apple TV, eins og komið hafi fram í fyrri samskiptum Ríkisútvarpsins við fjölmiðlanefnd. Fyrir spilara RÚV á ruv.is hafi verið innleidd aðgangsstýring þar sem varað væri sérstaklega við myndefni sem ekki er við hæfi barna og væru notendur beðnir um að staðfesta aldur sinn áður en þeir fái aðgang að efninu. Að lokum kom fram að Ríkisútvarpið gæti upplýst fjölmiðlanefnd reglulega um framvindu vinnunnar væri þess óskað.

Fjölmiðlanefnd svaraði svarerindi Ríkisútvarpsins með tölvupósti dags. 21. febrúar sl. Kom fram að fjölmiðlanefnd myndi þiggja upplýsingar um gang mála eftir því sem vinnu við tæknilega útfærslu yndi fram. Var Ríkisútvarpið upplýst um að svör þess yrðu lögð fyrir fjölmiðlanefnd á næsta fundi hennar.

Kvörtun Símans dags. 2. febrúar sl. og svör Ríkisútvarpsins dags. 21. febrúar sl. vegna beiðni starfsmanna fjölmiðlanefndar, sbr. 2. mgr. 3. gr. málsmeðferðarreglna fjölmiðlanefndar, um upplýsingar og sjónarmið vegna kvörtunarinnar voru lögð fyrir fjölmiðlanefnd á fundi hennar 4. mars sl. Var það mat nefndarinnar að um brot gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla væri að ræða. Ríkisútvarpið þyrfti að tryggja að efni sem telst skaðlegt börnum væri ekki aðgengilegt án aðgangsstýringar. Var samþykkt að taka málið til efnislegrar meðferðar og óska eftir andmælum og frekari sjónarmiðum Ríkisútvarpsins með frummati.

Þann 2. apríl sl. sendi fjölmiðlanefnd Ríkisútvarpinu frummat nefndarinnar vegna málsins. Þar kom fram að nefndin teldi að með því að hafa gert þáttaröðina Exit, sem er bönnuð börnum yngri



## FJÖLMIÐLANEFND

en 16 ára, aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstýringu hafi Ríkisútvarpið brotið gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla. Í frummatinu benti fjölmiðlanefnd á að samkvæmt h-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á 1. - 3. mgr. 28. gr. laganna um vernd barna gegn skaðlegu efni. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Brot á c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla getur einnig varðað refsingu, sbr. h-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar. Var Ríkisútvarpinu gefið frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla. Óskaði fjölmiðlanefnd eftir því að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins vegna frummatsins bærust nefndinni eigi síðar en 22. apríl sl.

Svör Ríkisútvarpsins við frummati fjölmiðlanefndar dags. 2. apríl sl. bárust með tölvupósti þann 28. apríl sl. eftir að Ríkisútvarpinu hafði verið veittur framlengdur frestur til svara. Þar kom fram að Ríkisútvarpið gerði ekki athugasemdir við frummatið en teldi þó, að virtum öllum atvikum málsins, ekki tilefni til beitingar viðurlaga. Með tölvupóstinum var framsent til upplýsingar tölvupóstur frá forstöðumanni tæknideildar Ríkisútvarpsins um stöðu og framvindu málsins. Þar kom m.a. fram að verkið hafi tafist af ýmsum ástæðum, eins og verkföllum í skólakerfinu, orlofi og fjarveru starfsmanna frá vinnu og aðstæðum tengdum heimsfaraldri kórónaveirunnar (COVID-19). Faraldurinn hafi m.a. leitt til þess að verkefni tengd honum hafi fengið forgang. Einnig hafi komið upp ýmis tæknileg vandamál. Kom fram að aðgangsstýring fyrir spilara RÚV yrði væntanlega tilbúin fyrir lok júní 2020.

### III. Niðurstaða fjölmiðlanefndar

#### 1.

Í 30. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla segir að myndmiðlun eftir pöntun (ólínuleg myndmiðlun) sé þjónusta sem fjölmiðlaveita býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kys og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla er einungis heimilt að miðla efni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum



## FJÖLMÍÐLANEFND

ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að efninu. Samkvæmt d-lið sömu greinar er þó heimilt að miðla fréttum og fréttatengdu efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé nauðsynlegur hluti af fréttapjónustu viðkomandi fjölmiðils og að á undan því sé birt skýr viðvörðun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað verði því við komið.

Í frumvarpi til laga um fjölmiðla segir í athugasemdum við 28. gr. laganna að c-liður 2. mgr. 28. gr. sé sérregla um hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun. Samkvæmt henni má miðla efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé tryggt með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að efninu. Í athugasemdunum kemur fram að efnislega og að breyttu breytanda á ákvæðið samstöðu með ákvæði b-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla og er ætlað að koma í veg fyrir að börn geti nálgast skaðlegt efni hjá fjölmiðlaveitum. Í athugasemdum við b-lið 2. mgr. 28. gr. laganna kemur fram að með tæknilegum ráðstöfunum í þessu sambandi sé t.d. átt við aðgangskóða, síunarkerfi og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

Fjölmiðlanefnd gaf út leiðbeiningar fyrir fjölmiðla í júní 2015 um vernd barna gegn skaðlegu efni.<sup>7</sup> Markmið fjölmiðlanefndar með útgáfu leiðbeininganna var að upplýsa fjölmiðlaveitur, sem miðla hljóð- og myndefni, um skilyrði 28. gr. laga um fjölmiðla, þau sjónarmið sem liggja þar að baki og hvernig uppfylla megi kröfur sem þar eru gerðar. Voru leiðbeiningarnar m.a. sendar Ríkisútvarpinu til umsagnar í maí 2015 sem gerði engar athugasemdir við þær.<sup>8</sup>

Í leiðbeiningunum kemur fram að sjónvarpsþættir, kvikmyndir og annað dagskárefni sem gert er aðgengilegt á vef fjölmiðlaveitu telst til efnis sem miðlað er eftir pöntun. Heimilt sé að miðla hljóð- og myndefni, sem ekki er talið við hæfi barna, á vef fjölmiðlaveitu með því skilyrði að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því, sbr. c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla. Nokkur dæmi eru tekin um vettvanga fyrir miðlun sjónvarpsþátta og kvikmynda á netinu og er spilari RÚV (þá Sarpurinn) þar á meðal.<sup>9</sup>

Í leiðbeiningunum er fjallað um hvað átt er við með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum sem eiga að tryggja það að börn hafi ekki aðgang að skaðlegu efni:

<sup>7</sup> Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu fjölmiðlanefndar, sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>.

<sup>8</sup> Sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>, bls. 13.

<sup>9</sup> Sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>, bls. 6.



## FJÖLMÍÐLANEFND

Viðeigandi tæknilegar ráðstafanir geta falist í því að efnið sé eingöngu aðgengilegt með því að notandinn slái inn sérstakt aðgangsnúmer eða „PIN“ númer. Einfaldar númeraraðir, t.d. frá 1 upp í 4, eru að mati fjölmiðlanefndar ekki nægileg aðgangshindrun að efni sem haft getur skaðleg áhrif á börn. Einnig kemur til greina að efnissíur og annar öryggisbúnaður, sem tryggir að efnið sé ekki aðgengilegt börnum, geti falið í sér viðeigandi tæknilegar ráðstafanir.<sup>10</sup>

Þá kemur fram í leiðbeiningunum að heimilt sé að miðla hljóð- og myndefni, sem ekki er talið við hæfi barna, með hliðruðu áhorfi en skilyrði er að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því. Efni sem miðlað er með hliðruðu áhorfi telst til efnis sem miðlað er eftir pöntun, jafnvel þótt því hafi upphaflega verið miðlað í línulegri dagskrá.<sup>11</sup>

## 2.

Að mati fjölmiðlanefndar er það andstætt ákvæði c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla að gera þáttaröðina Exit aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstyringu. Ótvírætt er að þáttaröðin Exit telst vera efni sem ekki er við hæfi barna. Um er að ræða þáttaröð sem fengið hefur aldursmatið 16 ára og er því bönnuð börnum yngri en það. Þættirnir eru byggðir á „sönnum frásögnum úr norskum fjármálaheimi“, eins og segir í lýsingu þáttanna í spilara RÚV, þar sem fjórir vinir „leita útgönguleiða úr daglegu lífi sínu, meðal annars með ofbeldi, eiturlyfjum og kynlífi“.<sup>12</sup> Atriði í þáttunum eru einkar gróf og í lýsingu í spilara RÚV kemur fram að þeir séu „alls ekki við hæfi barna“. Við lýsinguna er mynd af tölunni 16 í hvítum lit á rauðum bakgrunni og á eftir henni kemur textinn „Ekki við hæfi barna yngri en 16 ára“.<sup>13</sup> Rautt, sjónrænt merki er einnig til staðar uppi í hægra horni hvers þáttar af Exit sem gefur til kynna að efnið sé ekki við hæfi barna yngri en 16 ára. Í umfjöllun um þættina sem birtist á vef Ríkisútvarpsins, ruv.is, kemur fram að þeir fjalli um „úrkyndaðan og siðspilltan lífstíl manna úr fjármálaheiminum“ og að kvörtunum hafi „rignt yfir Norska Ríkissjónvarpið NRK frá frumsýningu þeirra“.<sup>14</sup>

<sup>10</sup> Sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>, bls. 7.

<sup>11</sup> Sjá <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2020/05/Lei%C3%B0beiningar-fyrir-fj%C3%B6lmi%C3%B0la-um-vernd-barna-gegn-ska%C3%B0legu-efni.pdf>, bls. 6.

<sup>12</sup> <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/utras/29231/8moivh>, skoðað 12. mars 2020.

<sup>13</sup> <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/utras/29231/8moivh>, skoðað 12. mars 2020.

<sup>14</sup> <https://www.ruv.is/frett/holskefla-kvartana-vegna-exit-til-norska-utvarpsradsins>, skoðað 26. mars.





## FJÖLMIÐLANEFND

Einnig er ótvírætt að þáttaröðin Exit telst vera myndefni eftir pöntun og miðlun hennar myndmiðlun eftir pöntun, sbr. annars vegar c-lið 2. mgr. 28. gr. og hins vegar 30. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þáttaröðin var gerð aðgengileg í heild sinni í spilara RÚV á vefnum ruv.is en efni sem gert er aðgengilegt á vef fjölmiðlaveitu telst til efnis sem miðlað er eftir pöntun.

Eins og rakið er í II. kafla sendi fjölmiðlanefnd fyrst fyrirspurn á Ríkisútvarpið þann 22. maí 2019 varðandi vernd barna gegn skaðlegu efni í myndefni eftir pöntun og óskaði eftir upplýsingum um það hvernig vernd barna gegn skaðlegu efni væri tryggð í myndmiðlun eftir pöntun hjá Ríkisútvarpinu. Í erindinu var bent á skyldu c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla um að einungis sé heimilt að miðla efni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að efninu. Einnig var bent á leiðbeiningar fjölmiðlanefndar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni sem gefnar voru út í júní 2015. Hafði Ríkisútvarpið, ásamt öðrum hljóð- og myndmiðlum, fengið leiðbeiningarnar til umsagnar áður en þær voru gefnar út.

Þrátt fyrir fyrrgreinda lagaskyldu, leiðbeiningar fjölmiðlanefndar frá júní 2015 um m.a. skilyrði c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla og hvernig uppfylla megi þær kröfur sem þar eru gerðar, fyrirspurnir og ábendingar fjölmiðlanefndar eru engar viðeigandi tæknilegar ráðstafanir til staðar í spilara RÚV á vefnum ruv.is til að stýra aðgangi að þáttaröðinni Exit. Notendum spilarans stendur ekki til boða einhvers konar aðgangsstýring, s.s. með PIN númeri, efnissíu eða öðrum tæknilegum ráðstöfunum, sem tryggir að efni skaðlegt börnum sé ekki aðgengilegt þeim. Eftir að kvörtun Símans barst fjölmiðlanefnd hefur Ríkisútvarpið gripið til þess að útfæra í spilara RÚV aðvörun sem birtist fyrir myndefni sem bannað er börnum yngri en 12 eða 16 ára. Birtist gluggi yfir myndefninu þar sem notandinn er beðinn um að staðfesta aldur sinn. Geri hann það fær hann aðgang að myndefninu. Þetta er bráðabirgðarráðstöfun sem Ríkisútvarpið hefur gripið til, eins og kom fram á fundi starfsmanna Ríkisútvarpsins með starfsmönnum fjölmiðlanefndar 12. febrúar sl., og telst ekki viðeigandi tæknileg ráðstöfun til að tryggja að börn hafi ekki aðgang að skaðlegu efni í skilningi c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.

### 3.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að með því að hafa gert þáttaröðina Exit, sem er bönnuð börnum yngri en 16 ára, aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstýringu hafi Ríkisútvarpið brotið gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

Samkvæmt h-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á 1. - 3. mgr. 28. gr. laganna um vernd barna gegn skaðlegu efni. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Brot á c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla getur einnig varðað refsingu, sbr. h-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar. Fjölmiðlanefnd telur ekki ástæðu til að falla frá sektarákvörðun í málinu. Um alvarlegt brot er að ræða þar sem gróf þáttaröð bönnuð börnum yngri en 16 ára var gerð aðgengileg öllum án möguleika á aðgangsstýringu. Út frá aldursmati þáttaraðarinnar, lýsingu á henni og aðvörunum í spilara RÚV og umfjöllun Ríkisútvarpsins um hana á vef sínum er það mat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi gert sér fulla grein fyrir því að um væri að ræða gróft efni sem ekki væri við hæfi barna. Ber einnig að líta til þess að rúmt ár er síðan fjölmiðlanefnd benti Ríkisútvarpinu formlega á skyldu c-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla um að einungis sé heimilt að miðla efni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að efninu, eins og nánar var fjallað um í II. kafla. Með vísan til framangreinds telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 1.200.000 kr.

Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga um fjölmiðla getur fjölmiðlanefnd að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt lögum um fjölmiðla bannað með ákvörðun miðlun efnis sem telst andstætt ákvæðum laga. Með vísan til þessa ákvæðis fer fjölmiðlanefnd fram á það að þáttaröðin Exit verði fjarlægð úr spilara RÚV á vefnum ruv.is fyrir 5. júní nk. Samkvæmt f-lið 1. mgr. 53. gr. laga um fjölmiðla getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á þann sem miðlar efni sem fjölmiðlanefnd hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna.



FJÖLMIÐLANEFND

#### IV. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpið ohf. braut gegn c-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla með því að hafa gert þáttaröðina Exit, sem er bönnuð börnum yngri en 16 ára, aðgengilega öllum í spilara RÚV á vefnum ruv.is án möguleika á aðgangsstýringu.

Ríkisútvarpið ohf. greiði 1.200.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Ríkisútvarpið ohf. fjarlægi þáttaröðina Exit úr spilara RÚV á vefnum ruv.is fyrir 5. júní nk.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson